



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. október 2018.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar (afnám krónu á móti krónu skerðingu), 149. löggjafarvald. Þskj. nr. 54- 54. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar þar sem fjárhæð sérstakrar framfærsluuppbótar er færð inn í ákvæði um tekjutryggingu, í stað ákvæða um félagslega aðstoð og studlar það að minni skerðingu fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

MRSÍ styður frumvarpið en í greinargerð með frumvarpinu segir að með því að fella úr gildi sérstaka uppbót til framfærslu og færa hámarksfjárhæð hennar inn í ákvæði um tekjutryggingu sé studlað að minni skerðingu fyrir lífeyrisþega þar sem sérstaka uppbótin skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð skerðist um 100% vegna allra tekna sem lífeyrisþegi kunni að fá. Slík skerðing hefur í daglegu tali verið nefnd „krónu á móti krónu“ skerðing. Í greinargerðinni segir og að með afnámi þessarar uppbótar myndist aukinn hvati til atvinnuþátttöku þeirra sem þessi uppbót eigi við um í dag.

Í þessu sambandi minnir MRSÍ á Alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland hefur fullgilt. Í ákvæðum samningsins felst réttur allra til að lifa með mannlegri reisn. Það þýðir meðal annars að einstaklingar eigi rétt á að lifa sjálfstæðu lífi, geti aflað sér nægilegs matar, heppilegs húsaskjól, fatnaðar og viðeigandi heilsugæslu með opinberum bótum, ef um lífeyrisþega er að ræða, félagslegri aðstoð og **fyrir eigin atbeina**. Allir eiga líka að eiga þess kost, miðað við getu, að stunda vinnu eða afla sér tekna með öðrum hætti. Jafnframt felst í þessum rétti að einstaklingar haldi áfram þátttöku í þjóðfélaginu, t.d. með þátttöku í námskeiðum, menningarviðburðum, trúarlegum samkomum og öðru félagslífi sem býðst í þjóðfélaginu. Það skerðingarfyrikomulag sem nú er, króna á móti krónu, er að mati MRSÍ, ekki til þess fallið að tryggja þau réttindi er að framan greinir.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri